



Finnum fleiri orð

Orða- og málþroskaleikur

Markmið

Að finna sem flest orð úr stöfunum í stóra orðinu sem unnið er með.

Aldur

Yngsta stig grunnskóla.

Gögn

Blöð.
Skriffæri.

Mat á framkvæmd

Leiklýsing

Nemendurvinna tveir og tveir saman. Kennarinn lætur hvert þar hafa blað sem inniheldur eitt langt orð. Hvert þar á að finna eins mörg orð oghægt er úr stöfunum í langa orðinu. Dæmi: *Hjólhestur*. Möguleg orð eru t.d. *hjól, jól, ól, hestur, lestur*. Ekkert þar fær eins orð. Þegar öll þörin hafa skrifað niður þau orð sem þau fundu er farið yfir öll orðin uppi á töflu með kennaranum. Þá geta þeir sem finna fleiri orð bætt þeim við á töfluna.

Aðrar útfærslur

Það væri líka hægt að útfæra þennan leik þannig að kennarinn skrifaði eitt langt orð upp á töflu og nemendur kæmu með uppástungur að orðum úr stöfunum í stóra orðinu.